

REGLUGERÐ

um gildistöku reglugerða Evrópusambandsins um skortsölu og skuldatryggingar.

1. gr.

Með reglugerð þessari öðlast gildi eftirfarandi reglugerðir framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, sbr. 3. gr. laga nr. 2/1993 um Evrópska efnahagssvæðið og bókun 1 við EES-samninginn:

- a. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 919/2012 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 236/2012 um skortsölu og tiltekna þætti skuldatrygginga með tilliti til tæknilegra eftirlitsstaðla vegna aðferðarinnar við útreikning á lækkun á virði seljanlegra hlutabréfa og annarra fjármálagerna. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB nr. 57/2016 frá 13. október 2016, bls. 740-741.
- b. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 918/2012 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 236/2012 um skortsölu og tiltekna þætti skuldatrygginga að því er varðar skilgreiningar, útreikninga á hreinum skortstöðum, varðar skuldatryggingar á ríki, tilkynningarmörk, seljanleikamörk vegna tímabundinna niðurfellinga, marktæka lækkun á virði fjármálagerna og óhagstæða atburði. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB nr. 57/2016 frá 13. október 2016, bls. 725-739.
- c. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 826/2012 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 236/2012 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um tilkynningar- og birtingarkröfur varðandi hreinar skortstöður, nánari lýsingu á upplýsingunum sem skal veita Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni í tengslum við hreinar skortstöður og aðferðina við að reikna út veltu til að ákvarða hvaða hlutabréf skulu undanþegin. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB nr. 57/2016 frá 13. október 2016, bls. 707-716.
- d. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 827/2012 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar aðferðir við opinbera birtingu á hreinum skortstöðum, snið upplýsinganna sem skal veita Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni um hreinar skortstöður, gerðir samninga, fyrirkomulags og ráðstafana til að tryggja með fullnægjandi hætti að hlutabréf eða ríkisskuldagerningar séu tiltækir vegna uppgjörs og dagsetningar og tímabil vegna ákvörðunar á meginvettvangi hlutabréfs samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 236/2012 um skortsölu og tiltekna þætti skuldatrygginga. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB nr. 57/2016 frá 13. október 2016, bls. 717-724.
- e. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/97 frá 17. október 2014 um leiðréttingu á framseldri reglugerð (ESB) nr. 918/2012 að því er varðar tilkynningu um mikilvægar hreinar skortstöður í ríkisskuldum. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB nr. 57/2016 frá 13. október 2016, bls. 812.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 204/2016 frá 30. september 2016 um upptöku reglugerða skv. 1. mgr. í IX. viðauka (frjálsir fjármagnsflutningar) við EES-samninginn er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB nr. 13 frá 23. febrúar 2017, bls. 53-56.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 13. gr. laga nr. 55/2017, um skortsölu og skuldatryggingar, öðlast þegar gildi.

Fjármála- og efnahagsráðuneytinu, 30. júní 2017.

Benedikt Jóhannesson.

Guðmundur Kári Kárason.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.